

## 9. FUNDUR SAMSTARFSNEFNDAR UM SAMEININGU Í A-HÚN

Mánudaginn 8. mars 2021, var fundur haldinn í Zoom kl. 17.

### Mætt voru:

*Frá Húnavatnshreppi:* Jón Gíslason, Ragnhildur Haraldsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Þóra Sverrisdóttir.

*Frá Skagaströnd:* Halldór G. Ólafsson, Kristín Björk Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir.

*Frá Blönduósbae:* Guðmundur Haukur Jakobsson, Valdimar O. Hermannsson og Jón Örn Stefánsson.

*Frá Skagabyggð:* Magnús Björnsson, Karen Helga R. Steinsdóttir og Dagný Rósa Úlfarsdóttir.

*Frá RR ráðgjöf:* Jón Hrói Finnsson og Róbert Ragnarsson

Jón Gíslason setti fundinn og stýrði dagskrá.

Jón Hrói Finnsson ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var borin upp og hún staðfest.

#### 2. Íbúafundir 3. og 6. mars

Farið yfir þau sjónarmið og ábendingar sem fram komu á íbúafundum.

Ákveðið að bæta inn umfjöllun um aukið félagsstarf fyrir eldri borgara og akstur vegna þess. Einnig var ákveðið að fjalla um akstur til að stunda dreifnám og vegna félagslífs framhaldsskólanema í umfjöllun um samræmingu skólaakstur og frístundaaksturs.

Rætt var um að skerpa áherslur í samgöngumálum og varðandi sókn á fjölgun opinberra starfa og halda uppi pressu á aðkomu ríkis og alþingis.

Lagfæra þarf aldursviðmið í umfjöllun um leikskóla. Viðmiðið eru 9 mánuðir í Húnavatnshreppi og á Skagaströnd.

Bent var á að betra væri að fjalla um stöðugildi í stað fjölda starfsmanna í skólaumræðu.

Skoða þarf hvort tímabil óbreyttra framlaga við sameiningu skóla miðast við sameiningu skólastofnana eða við niðurlagningu kennslustöðva.

Eiga þarf samráð við starfsfólk skóla um áform í skólamálum.

Rætt var um að leggja til að tilraunaákvæði stjórnsýslulaga verði nýtt til að skylda sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags til að hafa samráð við íbúa viðkomandi svæðis um að stórar ákvarðanir um breytingar á þjónustu á borð við lokun tilgreindra starfsstöðva.

#### 3. Skilabréf og álit samstarfsnefndar

Farið var yfir skilabréf og tillögu til sveitarstjórna.

Samstarfsnefnd samþykkir að leggja til við sveitarstjórnirnar að þær lýsi því yfir, áður en til sameiningarkosninga kemur, að þær muni ekki nýta heimild í 2. mgr. í 120. gr.

sveitarstjórnarlaga, komi til þess að sameiningartillaga verði samþykkt af íbúum í hluta sveitarfélaganna, nema að undangengnu samráði við íbúa. Í því felst að hafni íbúar einhvers sveitarfélaganna tillögu um sameiningu í kosningum, munu aðrar sveitarstjórnir ekki taka ákvörðun um sameiningu þeirra sveitarfélaga án þess að hafnar verði nýjar sameiningarviðræður og kosið að nýju. Samstarfsnefnd tekur fram að vilji einhverjar sveitarstjórnanna láta kjósa um sameiningu sé hægt að byggja á þeirri vinnu og þeim gögnum sem þegar hafa verið unnin og að undirbúningur tillögu og kosninga þurfi því ekki að taka langan tíma.

#### **4. Kynning á tillögu og álit samstarfsnefndar**

Umræður um skipulag kynningar á tillögu samstarfsnefndar fyrir íbúum að lokinni umræðu sveitarstjórna og endanlegrar ákvörðunar um kjördag. Ákveðið að fela ráðgjöfum að leita eftir tilboðum í markaðráðgjöf og kynningu og hafa samband við Feyki um samstarf um dreifingu kynningarefnis.

#### **5. Næsti fundur samstarfsnefndar**

Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar verður haldinn á mánudaginn 29. mars kl. 17.

Fundargerð borin upp og staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 19:00.